

Reykjavík 28.9.2021

Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Efni: Tímabundin tilraun v/samstarfs Fjölskyldu – og húsdýragarðs og Sirkus Íslands

Undanfarin misseri hefur Sirkus Íslands glætt mannlíf landans og ekki síst Reykvíkinga, með fjölbreyttum sýningum sínum. Sýningar hafa meðal annars farið fram í stóru tjaldi í þeirra eigu og hefur því verið komið fyrir tímabundið á hinum ýmsu stöðum í borginni. Undanfarið hafa starfsmenn garðsins og forsvarsmenn Sirkus Íslands viðrað hugmyndir að mögulegu samstarfi. Óskað er eftir heimild MÍT til að gera samstarfssamning til reynslu milli Fjölskyldu –og húsdýragarðsins (FHG) og Sirkus Íslands á tímabilinu apríl til loka september 2022. Sýningar hópsins á þessu tímabili færu fram í sýningartjaldi sem staðsett væri á svokölluðum Sagnabrunni innan garðs FHG. Gestir Sirkus Íslands fengju frían aðgang í garðinn gegn framvísun miða á sýningar, námskeið eða aðra viðburði á þeirra vegum. Fjölskyldu – og húsdýragarðurinn fengi afnot að sýningartjaldinu á lausum dögum til ýmiss konar starfsemi, tónleika, leiksýninga og fleira. Auk þessa myndi verða skoðað frekara samstarf milli Sirkus Íslands og FHG í formi námskeiða sem haldin yrðu í sameiginlegu nafni. Ef MÍT tekur vel í þessa tilraun myndi tilskilinna leyfa vera aflað vegna stöðuleyfis og brunavarna ásamt því að tillaga að samningi milli aðila yrði lagður fyrir MÍT til samþykktar.

Virðingarfyllt,

Logi Sigurfinnsson

forstöðumaður

Fjölskyldu – og húsdýragarður Reykjavíkur